

5. fundur

Æskulýðs- og íþróttanefnd hélt fund þriðjudaginn 3. desember 2002 kl. 17:00 í Ráðhúsinu.

Mætt voru Ríkharður Hrafinkelsson, formaður, María Valdimarsdóttir, Kristín Rut Helgadóttir, Alda Pálsdóttir, Sigurborg Sturludóttir, Guðfinna D. Arnórsdóttir, Vignir Sveinsson og Dallilja Inga Steinarsdóttir.

Ríkharður setti fund kl. 17:05 og bauð alla velkomna.

1. Yfirlit forstöðumanna um starfið.
 - a) Íþróttamiðstöð.
Hólfríður og Karl hætta um áramótin. Forstöðumaður hélt fund með íþróttakennurum um ýmis mál í síðustu viku, góður fundur.
Hélt einnig sér fund með starfsfólki, þar var aðallega rætt um gæslu í klefum.
 - b) X-ið.
Starfið gengur sinn vanagang. Eru á leið í samstarf með félagsmiðstöðvum á Nesinu og er fundur áætlaður á fimmtudaginn. Ekkert samstarf hefur verið hingað til, hafa þó verið aðeins í samstarfi við þann sem sér um starfið í Grundarfirði.
Jólafundur tókst vel og var mæting góð.
Samfés-ballið verður haldið 7. mars. 4 stelpur fóru á keppnina Stíll (fatahönnun, förðun og hár).
2. Gjaldskrá íþróttamiðstöðvar.
Lögð fram tillage að verðskrá. Ýmsar umræður um hana. Tillaga samþykkt sem verður lögð fyrir Bæjarstjórn.
3. Æskulýðsfulltrúi – heilsársstarf.
Samþykkt að fresta umræðu um þetta fram yfir áramót. Samþykkt að hver og einn setji á blað hugmynd um starfið.
4. Önnur mál.
Ríkharður las upp bréf sem sent var til stjórnar Snæfells (eins og samþykkt var á síðasta fundi).

Ríkharður og Vignir áttu fund með bæjarráði varðandi fjárhagsáætlun.

Næsti fundur ákveðinn 1 þriðjudag í febrúar.

Fundi slitið kl. 18:15.

María Valdimarsdóttir (sign.),
Kristín Rut Helgadóttir (sign.),
Sigurborg Sturludóttir (sign.),
Dallilja Inga Steinarsdóttir (sign.),

Ríkharður Hrafinkelsson (sign.),
Alda Pálsdóttir (sign.),
Guðfinna D. Arnórsdóttir (sign.),
Vignir Sveinsson (sign.).